



REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Arnarlax ehf.¹
Kennitala: 580310-3060
Aðsetur: Strandgötu 1
465 Bíldudalur
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1144
Leyfið gildir til: 28.8.2029

Starfsemi:

AE 1 - Lax / Salmo Salar

Í gildi frá:

28.8.2019

Kynslóðaskipt sjókvíaeldi í Patreksfirði og Tálknafirði. Framleiðslumagn 10.700 tonn. Hámarkslífmassi 12.200 tonn. Frjór lax: SAGA-stofn. Sjókvíaeldissvæði P (Þúfneyri, Hlaðseyri, Sandoddi) og T (Laugardalur). Heimilt er að framleiða 5.350 tonn á hverju eldissvæði nema að Hlaðseyri, þar er heimilt að framleiða 2.000 tonn. Hámarkslífmassi að Hlaðseyri má ekki fara yfir 2.000 tonn á hverjum tíma.

Svæði

Punktur

Þúfneyri (Eyri) P

1. 65° 34.790'N 23° 59.260'W, 2. 65° 35.100'N 23° 58.590'W,
3. 65° 34.730'N 23° 57.820'W, 4. 65° 34.870'N 23° 58.230'W,

Sandoddi P

1. 65° 32.817'N 23° 55.817'W, 2. 65° 33.083'N 23° 55.816'W,
3. 65° 33.083'N 23° 55.433'W, 4. 65° 32.817'N 23° 55.433'W,

Hlaðseyri P

1. 65° 32.590'N 23° 54.530'W, 2. 65° 32.930'N 23° 53.800'W,
3. 65° 32.220'N 23° 52.550'W, 4. 65° 31.900'N 23° 53.270'W,

Laugardalur T

1. 65° 39.277'N 23° 56.524'W, 2. 65° 39.581'N 23° 56.684'W,
3. 65° 38.652'N 23° 53.684'W, 4. 65° 38.409'N 23° 54.134'W,

¹ Rekstrarleyfið var upphaflega gefið út fyrir Fjarðalax ehf. kt. 641109-1770. Rekstrarleyfið var framselt 28. október 2020 á nýjan rekstraraðila sbr. heimild í 17. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

Rekstrarleyfið er gefið út miðað við fyrirliggjandi mat Hafrannsóknastofnunar á burðarþoli og áhættumati vegna erfðablöndunar. Heimilt er að endurskoða forsendur leyfisins ef breytingar verða á burðarþolsmati og/eða áhættumati Hafrannsóknastofnunar.

Rekstrarleyfið er bundið við yfirlýsingu leyfishafa um að hann viðhafi í tilvikum þar sem eldi er stundað samhliða eldi annarra aðila, samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða innan sjókvíaeldissvæðis. Jafnframt er rekstrarleyfið bundið við að leyfishafi vinni, í slíkum tilvikum og eftir atvikum, með öðrum leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar.

Rekstrarleyfishafi skal við eldi frjórra laxa notast við ljósastýringu, þ.e. hafa kveikt ljós í kvíum meðan dagsbirtu gætir ekki frá 20. september til 20. mars. Við útsetningu frjórra seiða og þar til fiskur er orðin að meðaltali yfir eitt kíló skal möskvastærð í kvíum vera að hámarki 18 mm (legglegd möskvans). Frjó seiði sem sett eru út í kvíar skulu vera yfir 56 gr.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar. Útsetning seiða á eldissvæði skal taka mið af umhverfisaðstæðum eldissvæðisins á hverjum tíma.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.

Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa, sem byggir á gangagrunni um erfðaeftirhlutning hjá framleiðanda hrogna.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldissvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldis er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskirteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst. Gildistaka rekstrarleyfis fiskeldisstöðva á landi er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 1254/2008 (sem innleiðir tilskipun 2006/88/EB) um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum og ber rekstrarleyfishafa uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

Erna Karen Óskarsdóttir



Erna Karen Óskarsdóttir, fagsviðsstjóri fiskeldis